

Nð.

251. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 28, 25. sept. 1902, um sildarnætur.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Lög nr. 28, 25. sept. 1902, um sildarnætur, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. til laga um útflutningsbann á sildarnótum var borið fram á Alþingi 1901, en varð ekki útrætt. Á næsta Alþingi, 1902, var það aftur borið fram og náði þá samþykki Alþingis.

Ástæðan til þessarar lagasetningar var sú, að í þann mund var það alltíð, að útlendingar þyrptust til sildarveiða á Norður- og Austurlandi nm síldveiðitímann. Komu þeir á síldveiðiskipum sínum til landsins og fluttu með sjer verkafólk og veiðarfæri. En til þess að fullnægja ákvæðum íslenskra laga, urðu þeir að taka íslenska menn í sína þjónustu, og mun það vera upphaf hinnar svokölluðu leppmensku hjer á landi. Íslendingar þessir gerðu svo málamyndasamning við hina erlendu veiðimenn, keyptu af þeim veiðarfærin, en veðsettu þan samtímis seljandanum. Í vertíðarlok tókn svo útlendingarnir veiðarfærin upp í vangöldna skuld kaupanda og hjeldu heimleiðis með allan sumaraflann, en hinir íslensku »leppar« sátu eftir með tvær hendur tómar, og náðist ekki svo mikið sem útsvar af þessum atvinnurekstri. Til þess svo að ná einhverju tangarhaldi á hinum erlendu veiðimönnum, setti Alþingi bann gegn því að flytja veiðarfærin út úr landinu, og gátu hlutaðeigandi hreppar eftir það haft veiðarfærin til tryggingar sanngjarnri útsvarsgreiðslu af atvinnurekstrinum.

Síðan lög þessi voru samir hefir öll tilhögn síldveiða hjer við land gerbreytt, og eru hinar upprunalegu ástæður fyrir útflutningsbanni síldarnóta með öllu úr sögunni. Verður eigi sjeð, að lengur sje neitt því til fyrirstöðu, að útflutningur síldarnóta og annara veiðarfæra verði gefinn frjáls, en landsmönnum hinsvegar oft og einatt nauðsyn að geta sent veiðarfæri, einkum síldarnætur og síldarnet, til útlanda til börkunar, tjörgunar og annara aðgerða, sem Íslendingar hafa ekki sjerþekkingu á.

Yfirleitt má segja, að lög um síldarnætur frá 1902 sjen úrelt og óþörf, enda fullvíst, að þeim er víða ekki fylgt, og verður því að telja rjett að nema þau úr gildi.